

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Skeggjastaðahrepps, nr. 426/2000.

1. gr.

51. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 2. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 3. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast hlutverk hafnarstjórnar skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003, skipulags- og byggingarnefndar skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Þá fer nefndin með ferlimál fatlaðra og umhverfismál auk annarra verkefna sem henni kunna að verða falin samkvæmt erindisbréfi eða ákvörðun sveitarstjórnar.
 4. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Jafnframt fer skólanefnd með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 5. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Formaður stjórnar verður aðalfulltrúi í fulltrúaráði héraðsskjalasafns Austfirðinga og ritari varafulltrúi skv. 3. gr. stofnsamnings safnsins.
 6. *Barnaverndarnefnd.* Samstarfsnefnd með Vopnafjarðarhreppi og Seyðisfjarðar-kaupstað. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
 7. *Almannavarnarnefnd.* Samstarfsnefnd með Vopnafjarðarhreppi. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 8. *Fjallskilanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
- B. Auk framanritaðs kýs hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps eða tilnefnir fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, svo og fulltrúa á aðalfundi eftir þeim reglum sem um það gilda á hverjum tíma. Þessar stofnanir eru m.a.:
- Samband íslenskra sveitarfélaga,
Hafnarsamband sveitarfélaga,
Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi,
Héraðsnefnd Múlasýslna,
Skólaskrifstofa Austurlands,
Heilbrigðiseftirlit Austurlands,
Sundabúð, elliheimili á Vopnafirði,
Þjónustuhópur aldraðra.
- C. Hreppsnefnd fer með málefni eftirfarandi nefnda:
1. Hafnarstjórnar, sbr. 1. tölu. 8. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.
 2. Félagsmálanefndar, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

3. Jafnréttisnefndar, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

2. gr.

1. másl. 1. mgr. 59. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fyrir lok desembermánaðar skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd.

3. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 62. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. júlí 2003.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.